



Fundargerð

474. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Þriðjudaginn 21. desember 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Karl Kristjánsson (KK) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Embla Dögg B. Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er sjö blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 473. Fundur sveitarstjórnar 15. nóvember 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 7. desember 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2004013 – Endurskoðun Aðalskipulags Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.2 2111007 – Endurnýjun Reykhólahafnar, verksamningur þilskurður.

Sveitarstjórn samþykkir verksamning við Hagtak ehf. um framkvæmd við verkefnið „Reykhólar – þilskurður 2021“. Samningsupphæð er kr. 58.100.000,-. Samþykkt samhljóða.

2.3 2112002 – Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2022, í vinnslu.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra áframhaldandi vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar Reykhólahrepps 2022. Samþykkt samhljóða.

2.4.2112008 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, vegna vöntunar á 2000 m³ af efni.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 14. desember 2021

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1.2004013 – Endurskoðun Aðalskipulags Reykhólahrepps.

Lögð er fram tillaga að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2021-2033.

Hún samanstendur af:

- Skipulagsgreinargerð, dags. 16.12.2021
- Umhverfismatsskýrsla, dags. 16.12.2021
- Skipulagsuppdráttir, dags. 16.12.2021

Einnig eru lagðir fram eftirfarandi uppdráttir:

- Uppdráttur 1
Austurhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000
- Uppdráttur 2
Vesturhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000
- Uppdráttur 3
Breiðafjarðareyjar - mkv. 1:70.000 og Flatey - mkv. 1:10.000
- Uppdráttur 4
Reykhólar - mkv. 1:10.000
- Þemauppdráttir
Vegir í náttúru Íslands, aðrir en þjóðvegir
Flokkun landbúnaðarlands austurhluti
Flokkun landbúnaðarlands vesturhluti

Sveitarstjórn samþykkir að senda tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2021 – 2033 til athugunar Skipulagsstofnunar sbr 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verði aðalskipulagstillagan og umhverfisskýrsla hennar auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samþykkt samhljóða.

3.3 1903004 – Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, vindorkuver í Garpsdal.

Skipulagsstofnun hefur vísað staðfestingunni til ákvörðunar ráðherra sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og leggur áherslu á að afgreiðslu málsins hjá ráðherra verði flýtt eins og kostur er. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. Stjórn Barmahlíðar 8. desember 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

4.1 Samstarf um rekstur öldrunarheimila

Sveitarstjórn tekur undir með stjórn Barmahlíðar og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við Dalabyggð. Samþykkt samhljóða.

4.2 Samningsumboð vegna þjónustusamnings um hjúkrunar- og dvalarrými.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna á hjúkrunarheimilinu er sveitarstjóra falið að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingi í tímabundið starf á heimilinu til að minnsta kosti 6 mánaða. Samþykkt samhljóða.

5. Mennta- og menningarmálanefnd 15. desember 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

5.1 Umsókn um skólavist í Ásgarði utan lögheimilissveitarfélags, tvær umsóknir.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Undir liðnum er lögð fram ný umsókn í Ásgarð. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og fer eftir gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

5.2 Umsókn um skólavist í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Undir liðinn er lögð fram önnur umsókn um nám utan lögheimilis í Ásgarð, skóla í skýjunum. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.

6. Öldungaráð 6. desember 2021.

JÖE fór yfir fundargerðina.

Sveitastjórn staðfestir fundargerðina. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2112001 - Stefna og viðbragðsáætlun um einelti, áreitni og ofbeldi.

Lögð fram stefna Reykhólahrepps um einelti, áreitni og ofbeldi og viðbragðsáætlun vegna þess. Efnið er unnið fyrir Reykhólahrepp af Attentus ráðgjöfum.

Stefnan og viðbragðsáætlun eru í kynningu hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn vísar stefnu um einelti, áreitni og ofbeldi og viðbragðsáætlun til frekari kynningar meðal starfsmanna. Samþykkt samhljóða.

2. 2112004 - Ósk um óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga.

Lagt er fram erindi frá Tálknafjarðarhreppi dagsett 26. nóvember 2021, þar sem sveitarfélagið leitar eftir afstöðu Reykhólahrepps til sameiningar þeirra sveitarfélaga á Vestfjörðum sem eru líkleg til að þurfa að taka tillit til nýrra ákvæða sveitarstjórnarlaga fyrir árið 2026. Það eru Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð auk Tálknafjarðarhrepps.

Í ljósi þess að flest sveitarfélög hafa hafnað erindinu telur Reykhólahreppur að þessi sameining sé ekki raunhæf að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

Lögð er fram bókun Strandabyggðar frá fundi sveitarfélagsins 14. desember 2021, þar sem Strandabyggð samþykkir að óska eftir viðræðum við Reykhólahrepp um sameiningu sveitarfélaga. Strandabyggð leggur til óformlegar viðræður og nágrannasveitarfélögum gefin kostur á að gerast aðilar að viðræðunum.

Sveitarstjórn samþykkir að hefja óformlegar viðræður um mögulegar sameiningar sveitarfélaga við Strandabyggð. Samþykkt samhljóða.

3. 1911006 - Skilavegir, samningur við Vegagerðina.

Lagður er fram samningur við Vegagerðina um yfirfærslu Karlseyjarveggar (606 -02) frá Hellisbraut að Reykjabraut, frá Vegagerðinni yfir á Reykhólahrepps um 0,6 km.

Samningsaðilar eru sammála um að ástand Karlseyjarveggar (606-02) sé viðunandi þegar Vegagerðin hefur lokið við lagfæringar/styrkingar, breytingu á veglýsingu og yfirferð á merkingum og skiltum sbr. skýrslu Eflu um ástand skilvega dagsett 21.06.2021.

- Styrking núverandi vegar með 25 sm burðarlagi, magn: 1.278 m³
- Klæðing tvöfalt lag, magn: 5.112 m²
- Lagfæringar flá og hliðarsvæða, magn: 3.000 m²
- Lagfæringar á umferðarskiltum
- Yfirborðsmerkingar, magn: 0,6 km
- Endurnýjun á ljóskúplum yfir í LED-lampa, magn: 19 stk.
- Hraðalækkandi aðgerðir við göngupverun að leiksvæði
- Umsjón og eftirlit

Vegagerðin skuldbindur sig til að ljúka við ofangreindar framkvæmdir á Karlseyjarvegi 606 fyrir 15. september 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með þremur atkvæðum. II sat hjá.

4. 2112010 - Uppbygging á íbúðarhúsnæði á Reykhólum.

Lögð er fram tillaga að byggingu fjögurra íbúða raðhúss á Reykhólum

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta útbúa útboðsgögn til byggingar fjögurra íbúða raðhúss á Reykhólum. Samþykkt samhljóða.

5. 2112005 - Kaup á íbúð Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagins í Barmahlíð.

Lagt er fram tilboð frá Brynju hússjóði um sölu á íbúð nr.203 í Barmahlíð, fastanr. 221-7586 til Reykhólahrepps á kr. 5.690.000,-

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa íbúð nr. 203 í Barmahlíð af Brynju hússjóði. Kaupin verði fjármögnuð með lántöku. Sveitarstjóra falið að ganga frá kaupum. Samþykkt samhljóða.

6. 2112006 - Breytt skipulag barnaverndar.

Lagt er fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. nóvember 2021 er varðar þær breytingar sem lúta að skipulagi barnaverndar eftir breytingar á barnaverndarlögum og taka gildi að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Rætt var um þær breytingar sem eru í farvatninu varðandi barnaverndina.

7. 2111011 - Loftlagsvernd í verki.

Sveitarstjóra var falið að kanna áhuga nefndarmanna fyrir námskeiði um Loftlagsvernd í verki. Gústaf Jökull Ólafsson hefur lýst áhuga á því að sækja fjarnámskeiðið Loftlagsvernd í verki, vefskóla Landverndar.

Sveitarstjórn samþykkir að senda Gústaf Jökul sem fulltrúa sveitarfélagsins á fjarnámskeiðið Loftlagsvernd í verki. Samþykkt samhljóða.

8. 2112011 – Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2112003 - Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, aðgengisfulltrúar.

Lagt fram og kynnt.

2. 2112007 - Uppfærsla svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram og kynnt.

3. 2102014 - Breiðafjarðarnefnd 195. og 196. fundur.

Fundargerðir lagðar fram og kynntar.

4. 2102015 - 903. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál:

1. 2011011 Leigufélagið Bríet og fasteignir Reykhólahrepps.

Lagt fram bréf frá Bríeti dagsett 20. desember 2021. Þar sem Bríet samþykkir yfirtöku á faseignunum Hólatröð 1 og 3.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:40
